



Sveitarfélagið
Hornafjörður

Framkvæmdaleyfi

Hringvegur (1) um Hornafjörð

milli Hólms og Dynjanda

Greinargerð með framkvæmdaleyfi
Nóvember 2016

Efnisyfirlit

1	Um afgreiðslu bæjarstjórnar	1
2	Umsókn um framkvæmdaleyfi	1
3	Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar	2
3.1	Framlögð gögn eru fullnægjandi	2
4	Umsagnir Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda	3
4.1	Umsögn umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar	3
4.2	Umsögn skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar	6
5	Samræmi við skipulagsáætlanir	7
5.1	Samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030	7
6	Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar	8
6.1	Matskýrsla Vegagerðarinnar	9
6.2	Álit Skipulagsstofnunar	9
6.2.1	Áhrif á landslag og ásjón	10
6.2.2	Áhrif á jarðmyndanir	12
6.2.3	Áhrif á gróður	12
6.2.4	Áhrif á fuglalíf	14
6.2.5	Áhrif á umferðaröryggi	15
7	Lög og reglur og leyfi annarra leyfisveitenda	16
8	Niðurstaða sveitarfélagsins	18
9	Skilyrði og vöktun	20
9.1	Skilmálar samkvæmt skipulagsáætlunum	20
9.2	Skilmálar samkvæmt mati á umhverfisáhrifum	20
9.3	Núverandi vegur	20
9.4	Framkvæmdaþættir	21
9.5	Vatnafar, votlendi, fuglalíf og vatnalíf	21
9.6	Frágangur og uppgræðsla	22
9.7	Efnistaka	22
9.7.1	Náma 1: Hólmsá	22
9.7.2	Náma 2: Djúpa	22
9.7.3	Náma 3: Grjótá	23
9.7.4	Náma 5: Hornafjarðarfjót	23
9.7.5	Náma 6: Skógey	23
9.7.6	Náma 7: Friðsæld	23
9.7.7	Náma 10: Ofan við Einholtsvötn	23
9.8	Fornminjar	23
9.9	Álit Skipulagsstofnunar	24
9.10	Skilmálar um sérstakt verklag	24

1 Um afgreiðslu bæjarstjórnar

Áður en umsókn um framkvæmdaleyfi er afgreidd skal bæjarstjórn meta hvort:

- ▶ Framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt.
- ▶ Hönnunargögn séu fullnægjandi.
- ▶ Allar nauðsynlegar umsagnir liggi fyrir, þ.e. umsögn Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda.
- ▶ Framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

Byggt á ofangreindum gögnum skal:

- ▶ Tryggt að gætt hafi verið að ákvæðum laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem til álita koma.
- ▶ Taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
- ▶ Tryggja að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er, m.a. með því að setja skilyrði fyrir framkvæmdum.

Eftirfarandi kaflar 2-9 eru yfirlit um helstu forsendur og viðfangsefni sem Sveitarfélagið Hornafjörður lítur til við ákvörðun um framkvæmdaleyfi fyrir Hringveg um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda. Í afgreiðslu sveitarfélagsins er m.a. litið til skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 105/2006 um umhverfismat ááætlanana, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Höfundur er Stefán Gunnar Thors, Umhverfishagfræðingur M.Sc., VSÓ Ráðgjöf. Gunnlaugur Róbertsson, skipulagstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar komu jafnframt að gerð þessarar greinargerðar.

2 Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi, dags. 21. júní 2016, til lagningar á nýjum Hringvegi (1) um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda, samkvæmt veglínu 3b. Framkvæmdin felur m.a. í sér lagningu 18 km langan veg, T-vegamót verða við núverandi Hringveg á mótis við Hólm, tengingar að Brunnhóli og Einholti aðlagaðar nýjum vegi, tengivegur verður meðfram Djúpá, varnargarður austan Hornafjarðarfljóta verður gerður, sem og áningastaður í Skógey, ný T-vegamót verða við Hafnarveg, áningastaður vestan Hafnarvegar og tenging að Hafnarnesi aðlöguð nýjum vegi. Þegar hafist verður handa við framkvæmdir austan Hafnarvegar verður Hafnarvegur norðan nýs Hringvegar tengdur við hann með T-vegamótum. Fjórar brýr verða í fyrirhuguðum útboðum, yfir Djúpá, Hornafjarðarfljót, Hoffellsá/Laxá og Bergá. Efnistaka vegna framkvæmda verður 883 þ.m³ í 7 námum.

Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar eru:

- ▶ Upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd: Staðsetning, breidd og hæð vegar. Upplýsingar um efnisþörf, efnistöku og frágang.
- ▶ Hnitsettur yfirlitsuppráttur í mælikvarða 1:55.000 sem sýnir framkvæmd og afstöðu.
- ▶ Grunnmyndir í mælikvarða 1:2.000. Þar koma fram upplýsingar um legu vegar, fyllingar og skeringar, efnistöku, hæðarlínur, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu, umhverfisþætti o.fl.

- ▶ Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að skipulagsáætlunum.
- ▶ Matskýrsla Vegagerðarinnar, dags. apríl 2009 og álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009. Þar kemur m.a fram:
 - > Yfirlit um verklag, mótvægisáðgerðir og vöktun.
 - > Tilvísun í sérfræðiskýrslur vegna mats á umhverfisáhrifum.

3 Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar

3.1 Framlögð gögn eru fullnægjandi

Sveitarfélagið hefur í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi farið yfir umsókn Vegagerðarinnar. Framlögð gögn uppfylla kvaðir sem koma fram í reglugerð.

Tafla 3.1 Yfirlit um kvaðir skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og samræmi gagna við þær

Nr.	Kvaðir um gögn	Innsend gögn	Uppfylla kvaðir
1	Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000 – 1:500, sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, þ.e. sýnir mannvirki sem fyrir eru á svæðinu, hæðarlínur og annað í landslagi sem skiptir máli fyrir útfærslu framkvæmdar. Á afstöðumynd þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, landmótun, vegtengingum og öðru sem skilmálar deiliskipulags kveða á um og önnur gögn sem við eiga.	Hnitsettar afstöðumyndir í mælikvarða 1:2000 sýna alla vegagerð á nýjum Hringvegi um Hornafjörð, gatnamótum og námum. Afstöðumyndir uppfylla kvaðir.	✓
2	Hönnunargögn, eftir því sem við á, sem eru nauðsynleg til að framkvæma eftir. Gögnin skulu vera nægjanlega skýr til að hægt sé að ganga úr skugga um að kröfur um faglegan undirbúning, öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni hlutaðeigandi framkvæmda sé fullnægt. Leggja þarf fram gögn m.a. um brunahönnun, hönnun og útreikninga á grundun, burðarþolsútreikninga, og burðarvirkisupprætti vegna framkvæmda eins og stíflu- og brúargerð.	Hönnunargögn fyrir fjórar brýr sem sótt er um að byggja fylgja umsókn. Sveitarfélagið hefur heimild til að óska eftir nákvæmari hönnunargögnum áður en framkvæmdir hefjast við viðkomandi áfanga, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar.	✓
3	Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum. Í framkvæmdalýsingu þarf að tilgreina framkvæmdatíma, hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdinni og fleira sem skiptir máli.	Ítarleg framkvæmdalýsing frá október 2016, þar sem: <ul style="list-style-type: none"> • Framkvæmdaþáttum er lýst s.s. vegtegund, lengd, breidd og skeringar. • Framkvæmd er lýst eftir stöðvanúmerum. • Vinnslu og frágangi náma lýst, ásamt efnistökuáætlun. • Lýsing er á grjótvargörðum. • Listi er um fjöldi ræsa. • Gerð er grein fyrir framkvæmdatíma og upphafstími. • Upplýsingar um samræmi við skipulagsáætlanir (Matskýrsla og álit Skipulagsstofnunar). • Vísað er í aðrar upplýsingar um 	✓

		framkvæmd í matsskýrslu.	
4	Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á.	Álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009. Matsskýrsla Vegagerðarinnar frá apríl 2009, ásamt umsögnum m.a. frá Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Landgræðslu ríkisins. Auk allra athugasemda sem bárust við mat á umhverfisáhrifum.	✓
5	Fyrirliggjandi samþykki og/eða leyfi annarra leyfisveitenda sem framkvæmdin kann að vera háð samkvæmt öðrum lögum, ásamt upplýsingum um önnur leyfi sem framkvæmdaaðili er með í umsóknarferli eða hyggst sækja um.	Fram kemur að Vegagerðin vinnur að umsóknum um leyfi hjá Fiskistofu og tryggir að starfsleyfi HAUST liggja fyrir vegna vinnslu jarðefna.	✓
6	Aðrar upplýsingar og gögn sem leyfisveitandi telur þörf á.	Vegagerðin gerir grein fyrir samráði við Hafrannsóknarstofnun um áhrif efnistöku á lífsskilyrði fiskseiða. Sveitarfélagið hefur leitað umsagnar Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar.	✓
7	Eftir atvikum skulu fylgja umsókn upplýsingar um veitur, aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruverndarsvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd [áður 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd] Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi til efnistöku á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag skal, auk framangreinds eftir því sem við á, fylgja uppdráttur og greinargerð (efnistökuáætlun) þar sem gerð er grein fyrir hinu nýja landslagi á vinnslutíma og að efnistöku lokinni. Í gögnunum skal gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnslutíma, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði og yfirborðsefnum sem koma í veg fyrir fok á jarðefnum.	Gögn í aðalskipulagi, matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar gera ítarlega grein fyrir upplýsingum um framkvæmdasvæðið og umhverfispáttum sem njóta verndar. Í umsókn fylgir ítarleg efnistökuáætlun sem gerir grein fyrir stærð, vinnslutíma, magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi, og samráði sem haft verður vegna efnistöku. Í samræmi við stefnu aðalskipulags þarf að vinna deiliskipulag fyrir 4 efnistökusvæði áður en efnistaka getur hafist. Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 2. nóvember 2016 liggur einnig fyrir en þar kemur m.a. fram að Vegagerðin hefur kynnt breytingar á framkvæmdinni fyrir stofnunni.	✓

4 Umsagnir Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda

Sveitarfélagið leitaði umsagna Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsögn Umhverfisstofnunar barst 2. nóvember 2016

4.1 Umsögn umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Umsögn umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar barst 29. nóvember 2016.

Umhverfisnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Í aðalskipulagsbreytingu 2009 er gerð grein fyrir umsótri framkvæmd og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á. Nefndin hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdar, unnin af Vegagerðinni í apríl 2009, og álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009 um

mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar: Hringvegur um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda.

Nefndin telur framlögð gögn fullnægjandi og í samræmi við skilyrði 3. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Gögn í aðalskipulagi, matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar gera ítarlega grein fyrir upplýsingum um framkvæmdasvæðið og umhverfisþáttum sem njóta verndar. Í umsókn fylgir ítarleg efnistökuáætlun sem gerir grein fyrir stærð, vinnsludýpi, magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi, og samráði sem haft verður vegna efnistöku. Í samræmi við stefnu Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 þarf að vinna deiliskipulag fyrir fjögur efnistökusvæði áður en efnistaka getur hafist. Jafnframt liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009 og matsskýrsla Vegagerðarinnar frá apríl 2009, ásamt umsögnum m.a. frá Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Landgræðslu ríkisins. Auk þess fylgir í samræmi við 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd umsögn Umhverfisstofnunar um framkvæmdarleyfi dags. 2. nóvember 2016. Jafnframt fylgja allar athugasemdir sem bárust við mat á umhverfisáhrifum. Við málsmeðferð umsóknar hefur á grundvelli 10. gr. stjórnáskýrslulaga verið aflað gagna til að tryggja enn frekar að ákvörðun verði byggð á fullnægjandi grundvelli.

Umhverfisnefnd er sammála niðurstöðu Skipulagsstofnunar að áhrif leiðar 3b á landslag, ásýnd, jarðmyndanir og gróður verði óhjákvæmilega verulega neikvæð. Óhjákvæmilegt er að vegaf framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á náttúru og í þessu tilviki munu þær m.a. hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins, og votlendi. Með hliðsjón af hagsmunum samfélagsins er það mat umhverfisnefndar að neikvæð áhrif séu ásættanleg miðað við þann ávinning sem framkvæmdin hefur í för með sér. Er þá sérstaklega vísað til aukins umferðaröryggis, fækkun slysa og styttingu leiða innan sveitarfélagsins. Bættar vegasamgöngur og stytting Hringvegur dregur úr losun koldíoxíðs (CO₂) og er leið 3b því jákvæð framkvæmd umfram aðra valkosti þegar lítið er til losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisnefnd telur mikilvægt að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum vegagerðarinnar með því að aðlaga veginn, veltengingar og námusvæði eins vel að landi og hægt er. Að ósnertu eða lítt röskuðu landi verði raskað sem minnst og að votlendi verði endurheimt. Ítrekað er mikilvægi samráðs við sveitarfélagið sem leyfisveitandi og aðra hagsmunaaðila svo draga megi úr sem flestum neikvæðum áhrifum. Til þess að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið leggur umhverfisnefnd til að framkvæmdaleyfið verði bundið skilyrðum, sem byggja á matsskýrslu Vegagerðarinnar, álit Skipulagsstofnunar og nýlegra gagna um náttúrufar.

Umhverfisnefnd hefur með vísan til 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga gætt að því að fylgt sé ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsótt framkvæmd hefur verið umhverfismetin og ekki er óvissa um áhrif framkvæmdar. Nefndin telur að bergmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu algengar í samræmi við upplýsingar sem koma fram í matsskýrslu. Á svæðinu sé mikið um jökuláreyrar og aðrar setmyndanir enda framburður mikill frá ám og í Hornafirði sjálfum. Áhrif á jarðmyndanir eru staðbundin og fyrirhuguð framkvæmd kemur að mati sveitarfélagsins ekki til með að rýra verndargildi jarðmyndana.

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd falla sjávarfitjar og leirur ekki undir jarðminjar, heldur eru sjávarfitjar og leirur hluti af mikilvægum vistkerfum eins og votlendi, sbr. a. lið 1. mgr. 61. gr. laganna. Nefndin telur því ekki vera mun á áhrifum valkosta á jarðmyndanir, andstætt því sem fram kemur í álit Skipulagsstofnunar. Áhrif valkosta eru því sambærileg og eru fyrst og fremst vegna efnistöku í grónum áreyrum og skriðum (Friðsæld). Eins og komið hefur fram er dregið verulega úr efnistöku úr námunni Friðsæld og skv. umsókn Vegagerðarinnar verður ekki nýtt rask í hlíðum eða skriðum. Sjónræn áhrif framkvæmdar á fjallshlíðina við námuna Friðsæld verða því engin.

Framkvæmdir koma ekki til með að raska jarðmyndum eða jarðminjum sem njóta verndar 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013. Það er því mat umhverfisnefndar að áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir verði neikvæð, en ekki verulega neikvæð.

Umhverfisnefnd telur að þær aðgerðir sem ráðist skal í til að draga úr áhrifum á votlendi og aðgerðir til að endurheimta votlendi hafi það í för með sér að dregið verði úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf, þar sem ný fæðuöflunarsvæði verða mynduð. Nefndin telur að það sé raunhæf niðurstaða m.t.t. gagna sem lögð voru fram í mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisnefnd leit einnig til nýlegra rannsókna Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurheimt. Í skýrslu stofnunarinnar, dags. 11. maí 2012 „Fuglalíf á endurheimtum vötnum á Vesturlandi“ kemur fram að endurheimt virðist hafa haft mjög jákvæð áhrif á fuglalíf vatnanna sem rannsökuð voru. Fjöldi fuglategunda á endurheimtum vötnum var svipaður og á óröskuðum sambærilegum vötnum í nágrenninu. Þegar rannsóknir fóru fram voru liðin rúmlega 10 ár frá endurheimt. Í ljós kom svæðisbundinn munur á fuglalífi vatna á rannsóknasvæðinu, óháð því hvort þau eru endurheimt eða náttúruleg. Sá munur tengist jarðgrunni, landgerð og öðrum umhverfisþáttum.

Umhverfisnefnd leggur jafnframt til a) að uppbyggingu vega verður háttáð þannig að vatnsflæði skerðist sem minnst og áhrif á votlendi verði í lágmarki, b) efnistöku sem notað verður í nýjan Hringveg um Hornafjörð verður samsvarandi efninu sem er í núverandi varnargarði við Hornafjarðarfjót, c) efnistöku í vegfyllingu verður valið með tilliti til lektar svo að vatnsbúskapur sjávarfítja, mýra og flóa raskist sem minnst, d) ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður ennfremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir, ofan við veginn, e) Vegagerðin hagi framkvæmdum við gerð brúa yfir laxveiðiár þannig að tjón verður yfirleitt ekkert. Vegagerðin skilgreinir þá framkvæmdatíma og tilhögun framkvæmdar í samvinnu við viðkomandi veiðifélag og Veiðimálastofnun þannig að tjón verði sem minnst og helst ekkert, f) með vandvirkni í hönnun og virku eftirliti með framkvæmdum má draga verulega úr hættu á neikvæðum áhrifum brúa og ræsa á fiskstofna og í mörgum tilfellum koma í veg fyrir óæskileg áhrif. Vegagerðin stefnir að því að full vatnsskipti náist með nógu stórum brúaropum og ræsum. Miðað við þessar fyrirætlanir og vandað verklag eiga fyrirhugaðar framkvæmdir ekki að hafa neikvæð áhrif á fiskistofna, g) ræsi verði grafin það mikið niður í árbotn á hverjum stað að tryggt verði að þau séu fiskgeng. Þetta á sérstaklega við um Brunnhólsá og Lambleksstaðakíl, h) framkvæmdin verður í fullu samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og i) þar sem sjávarfalla gætir í vegstæðum er þess sérstaklega gætt að vatnsop séu nægjanlega stór þannig að sjávarföll séu óskert innan veglínunnar.

Umhverfisnefnd vill taka fram að Vegagerðin hefur við frekari undirbúning umsóknar dregið talsvert úr umfangi efnistöku, sem veldur því að áhrif framkvæmda á landslag og ásýnd verði minni en gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Þannig er í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til lagningar á nýjum Hringvegi um Hornafjörð sótt um heimild fyrir 7 efnistökuvæðum og 883.000 m³, í stað 10 náma og 1.500.000 m³. Vegagerðin hefur dregið verulega úr umfangi efnistöku við Friðsæld auk þess að afmarka athafnasvæðið við þegar raskað svæði og mun haga efnistöku þannig að efnistakan raski ekki stöðugleika skriðunnar. Þannig er dregið úr líkum á því að það renni úr hlíðum Dynjanda vegna efnistöku. Þessi áform eru mikilvægur þáttur í að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd. Nefndin telur framangreind áform Vegagerðarinnar mikilvægt skref í átt að minni umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Umhverfisnefnd leggur til að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði skilyrði sem getið er í álitni Skipulagsstofnunar sett er varðar myndun formlegs samráðshóps fagaðila, m.a. með aðild Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar, um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar. Umhverfisnefnd telur mikilvægt að samráðshópur um endurheimt

votlendis leiti álits Náttúrufræðistofnunar á fyrirhuguðum aðgerðum. Það er skoðun umhverfisnefndar að með aðgerðum til að endurheimta votlendi, stofnun samráðshóps til að fylgja þessum málum eftir, efnisvali og ræsagerð á nauðsynlegum stöðum er hægt að draga talsvert úr neikvæðum áhrifum á gróður og votlendi. Það er hins vegar ljóst að endurheimt og gróðurframvinda muni taka tíma.

Það er mat umhverfisnefndar að lagaskilyrði séu uppfyllt til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að umsókn Vegagerðarinnar til lagningar á nýjum Hringvegi um Hornafjörð verði samþykkt og jafnframt verði skipulagsstjóra sveitarfélagsins falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

4.2 Umsögn skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Umsögn skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar barst 30. nóvember 2016.

Skipulagsnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030. Í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir umsóttri framkvæmd og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á. Nefndin hefur borið saman fyrirbyggjandi umsókn og matsskýrslu framkvæmdar, unnin af Vegagerðinni í apríl 2009, og álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009 um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar; Hringvegur um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda og leiðir samanburðurinn í ljós að umsótt framkvæmd er í samræmi við matsskýrsluna. Einnig liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi, dags. 2. nóvember 2016 í samræmi við 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd. Við málsmeðferð umsóknar hefur á grundvelli 10. gr. stjórnsýslulaga verið aflað gagna til að tryggja enn frekar að ákvörðun verði byggð á fullnægjandi grundvelli.

Nefndin tekur undir álit Skipulagsstofnunar að matsskýrsla Vegagerðarinnar uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun hefur farið yfir gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu og niðurstöðum þess og telur þau fullnægjandi. Nefndin telur að matsskýrsla Vegagerðarinnar sé fullnægjandi til að byggja ákvörðun á um veitingu framkvæmdaleyfis, ásamt áliti Skipulagsstofnunar, umsögnum og sérfræðiskýrslum. Matsskýrslan gerir m.a. grein fyrir framkvæmd skv. veglínu 3b, sem er sú veglína sem umsótt framkvæmd sýnir. Einnig er gerð grein fyrir efnistökusvæðum, umfangi þeirra og frágangi. Í umsókn Vegagerðarinnar er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem eru í samræmi við efnis matsskýrslunnar eins og áður segir. Þó er sú breyting að áætluð efnistaka er minni en fjallað var um í matsskýrslu. Í matsskýrslu er ítarlegur samanburður á valkostum og umhverfisáhrifum þeirra. Slíkur samanburður er forsenda fyrir því að geta metið möguleg og líkleg umhverfisáhrif. Með samanburðinum á öllum fyrirbyggjandi gögnum í dag sést að dregið hefur úr efnistöku og neikvæðum áhrifum umsóttar framkvæmdar.

Í 3. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að með umsókn um framkvæmdaleyfi skuli fylgja nauðsynleg gögn sem nánar eru tiltekin í 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Skipulagsnefnd hefur fjallað um öll fylgigögn með umsókn framkvæmdaaðila og af þeirri yfirferð verður ekki annað ráðið en að umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fullnægi framangreindum ákvæðum.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009, um mat á umhverfisáhrifum Hringvegur um Hornafjörð. Það er mat skipulagsnefndar að álit Skipulagsstofnunar fullnægi lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald, þannig að bæjarstjórn Hornafjarðar geti tekið ákvörðun um umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi. Í álitinu er farið yfir framlögð gögn, umsagnir og athugasemdir, mótvægisáðgerðir og gerð grein fyrir mati Skipulagsstofnunar á líklegum áhrifum.

Stefna Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir breytingum á Hringvegi til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Skipulagið gerir ráð fyrir breytingum á vegstæði Hringvegur og er umsókn Vegagerðarinnar um leið 3b í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag. Breytingar á Hringvegi um Hornafjörð miða að því að stytta Hringveginn og auka umferðaröryggi í samræmi við samgönguáætlun 2011-2022. Það er mat skipulagsnefndar að leið 3b uppfylli markmið um aukið umferðaröryggi mun betur en leið 1 gerir. Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki eru kostir fyrir hendi sem ná markmiðum um umferðaröryggi og styttingu vegalegnda eins vel og leið 3b.

Leið 3b leiðir til aukins umferðaröryggis fram yfir aðrar leiðir vegna fækkunar vegtenginga við þjóðveg og til verður tvöfalt vegakerfi þar sem gömlu vegirnir verða fáfarnari innansveitarvegir, sem munu m.a. höfða til ferðamanna. Skipulagsnefnd er sammála um að stytting vegalengda og þar með bætt aðgengi að þjónustukjarna sveitarfélagsins, bætt umferðaröryggi og greiðfærni eru grundvallarmarkmið fyrir sveitarfélagið. Þeim markmiðum verður best náð með því að fara leið 3b. Þrátt fyrir að aðrar leiðir hafi minni neikvæð umhverfisáhrif en leið 3b, þá er sú stytting á vegalengdum innan sveitarfélagsins, sem leið 3b skilar umfram aðrar leiðir, það mikil að nefndin telur að þau jákvæðu samfélagslegu áhrif, sem hljótast af leið 3b með bættu aðgengi að þjónustukjarnanum á Höfn, vegi þyngra en minni neikvæð umhverfisáhrif annarra leiða. Þess vegna hefur leið 3b verið í Aðalskipulagi Hornafjarðar frá árinu 2009.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að Vegagerðin hafi samráð við sveitarfélagið um staðsetningu áningarstaða við Hringveginn. Nefndin vill jafnframt ítreka nauðsyn þess að unnið verði deiliskipulag fyrir námur í Djúpa, Hornafjarðarflióti, Skógey og við Lambleiksstaði. Í framkvæmdaleyfinu skal þá koma fram að fullunnin og samþykkt hönnunargögn skuli liggja fyrir áður en hefja meg framkvæmdir við einstaka áfanga framkvæmdarinnar. Nefndin tekur undir álit Skipulagsstofnunar og skilyrði sem stofnunin setur við veitingu framkvæmdaleyfis, um að Vegagerðin myndi formlegan samráðshóp fagaðila, m.a. með aðild Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar, um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar. Samráðshópnum er ætlað það hlutverk að fylgjast með endurheimt votlendis á framkvæmdasvæðinu og vinna að því markmiði að votlendi endurheimtist til jafns við það sem framkvæmdin hafi raskað.

Með vísan til alls framangreinds er það mat skipulagsnefndar að lagaskilyrði séu uppfyllt til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur því til við bæjarstjórn að umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til lagningar á nýjum Hringvegi um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda, dags. 21. júní sl. verði samþykkt.

5 Samræmi við skipulagsáætlanir

5.1 Samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030

Í gildi er Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030, sem staðfest var af Skipulagsstofnun 18. september 2014. Áður en kom að endurskoðun aðalskipulagsins hafði umhverfisráðherra staðfest breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, dags. 25. júní 2009, vegna lagningar á nýjum vegi um Hornafjörð. Samfara breytingunni var unnin ítarleg umhverfisskýrsla í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi 2012-2030 var engu breytt hvað varðar stefnu um færslu Hringvegur um Hornafjörð, legu vegarins eða námum, og því var ekki fjallað ítarlega um veginn í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins.

Vegur og námur í umsókn Vegagerðarinnar frá 21. júní 2016 eru í fullu samræmi við legu vegar, staðsetningu náma og umfang þeirra í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030.

Staðsetning náma sem sótt er um í framkvæmdaleyfi er í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 og er umfang efnistöku innan þeirra heimilda sem kemur fram í aðalskipulagi (sjá töflu).

Í skilmálum aðalskipulags kemur fram að vinna þurfi deiliskipulag fyrir námur sem eru stærri en 50.000 m² að flatarmáli eða umfang efnistöku er meira en 150.000 m³. Þessir skilmálar eiga við námur í Djúpá, Hornarfjarðarflióti og Einholtsnámu. Einnig eru skilmálar um aðrar námur ef þær eru ekki í farvegi jökuláa og vatnsfalla o.s.frv. Samkvæmt þeim skilmálum skal vinna deiliskipulag fyrir námuna í Friðsæld.

Yfirlit um námur vegna framkvæmda, stærð og umfang

Efnistaka	Umsókn/ Umfang (m ³) og stærð (ha)	Heimild í aðalskipulagi [nr. námu]
Hólmsá	30.000 m ³ 2 ha	50.000-149.999 m ³ [E48] 13 ha
Djúpá*	160.000 m ³ 12,8 ha	> 150.000 m ³ [E44] 55 ha
Grjótá	Samtals 25.000 m ³ 2,3 ha	50.000-149.999 m ³ [E43] 0-10.000 m ³ [E42]
Hornarfjarðarfliót*	350.000 m ³ 45 ha	> 150.000 m ³ [E34] 680 ha
Skógey*	120.000 m ³ 2 ha	> 150.000 m ³ [E35] 11 ha
Friðsæld**	47.500 m ³ 1,2 ha	> 150.000 m ³ [E28] 13 ha
Ofan Einholtsvatna* (Lambleiksstaðir)	150.000 m ³ 9,5 ha	> 150.000 m ³ [E47] 10 ha
Alls	882.400 m³	

* Samkvæmt aðalskipulagi skal vinna deiliskipulag fyrir efnistöku, sem er stærri en 50.000 m² og efnistakan er meiri en 150.000 m³.

** Samkvæmt aðalskipulagi skal vinna deiliskipulag fyrir námur sem eru stærri en 25.000 m² og efnistakan meiri en 50.000 m³, nema ef þær eru í farvegi jökuláa eða vatnsfalla, utan verndarsvæða, hafi ekki áhrif á aðra landnotkun nærri efnistökuastaðnum eða neðar í vatnsfallinu, eru á gróðurnauðu landi, ljóst sé að framburður árinna sé slíkur að áhrif efnistökkunnar verði óveruleg og að gengið verði frá námunni að efnistöku lokinni eða ljóst sé að vatnavextir komi til með að afmá sýnileg ummerki eftir efnistöku.

- Bæjastjórn mun því bæta við skilmálum í framkvæmdaleyfi um að vinna deiliskipulag fyrir námur Djúpá, Hornarfjarðarfliót, Skógey og námu ofan Einholtsvatna. Sveitarfélagið mun huga að gerð deiliskipulags fyrir efnistöku í Friðsæld í samráði við landeigendur og Vegagerðina.

6 Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur kynnt sér matskýrslu Vegagerðarinnar frá apríl 2009, og er framkvæmdin sem sótt er um, í fullu samræmi við þá sem lýst er í matskýrslunni. Vegagerðin hefur við frekari hönnun og undirbúning framkvæmdar dregið úr umfangi efnistöku. Sveitarfélagið hefur einnig tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009 og bundið framkvæmdaleyfið skilyrðum í samræmi við það, sjá kafla 9.

6.1 Matsskýrsla Vegagerðarinnar

Sveitarfélagið tekur undir það álit Skipulagsstofnunar að matsskýrsla Vegagerðarinnar uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun hefur farið yfir gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu og niðurstöðum þess og telur þau fullnægjandi. Sveitarfélagið Hornafjörður telur að matsskýrsla Vegagerðarinnar sé fullnægjandi til að byggja ákvörðun á um veitingu framkvæmdaleyfis, ásamt áliði Skipulagsstofnunar, umsögnum og sérfræðiskýrslum.

Matsskýrslan gerir m.a. grein fyrir framkvæmd skv. veglínu 3b, sem er sú veglína sem sótt eru um í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til lagningar á nýjum Hringvegi um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda. Einnig er gerð grein fyrir efnistökusvæðum, umfangi þeirra og frágangi. Í umsókn Vegagerðarinnar er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem eru í samræmi við efni matsskýrslu. Þó er sú breyting að áætluð efnistaka er minni en fjallað var um í matsskýrslu. Í matsskýrslu er ítarlegur samanburður á valkostum og umhverfisáhrifum þeirra. Slíkur samanburður er forsenda fyrir því að geta metið möguleg og líkleg umhverfisáhrif. Með samanburðinum er því hægt að sjá hvort og hvar mögulegt sé að draga úr neikvæðum áhrifum og auka þau jákvæðu.

Vegagerðin hefur kynnt breytingar á umsóttri framkvæmd fyrir Umhverfisstofnun, sbr. nýja umsögn, dags. 2. nóvember 2016.

6.2 Álit Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009, um mat á umhverfisáhrifum Hringvegur um Hornafjörð. Sveitarfélagið telur að álit Skipulagsstofnunar fullnægi lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald, þannig að bæjarstjórn geti tekið ákvörðun um umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi. Í álitinu er farið yfir framlögð gögn, umsagnir og athugasemdir, mótvægisáðgerðir og gerð grein fyrir mati Skipulagsstofnunar á líklegum áhrifum.

Sveitarfélagið hefur við afgreiðslu á framkvæmdaleyfi tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Í flestum tilvikum metur Skipulagsstofnun áhrifin neikvæðari en bæjarstjórn gerir í umhverfisskýrslum aðalskipulagsbreytingar 1998-2018 vegna Hringvegur um Hornafjörð. Fyrir aðra umhverfisþætti telur sveitarfélagið að álit Skipulagsstofnunar geri skýra grein fyrir helstu áhrifum og þeim aðgerðum sem hægt verði að grípa til við framkvæmdir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Við yfirferð á áliði Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi hefur sveitarfélagið lagt sérstaka áherslu á áhrif á landslag og ásynd, jarðmyndanir og gróður, þar sem Skipulagsstofnun dregur fram þessa umhverfisþætti í helstu niðurstöðum í áliði sínu og telur þá verða fyrir verulegum neikvæðum áhrifum. Einnig er fjallað sérstaklega um fuglalíf, þar sem Skipulagsstofnun telur að það geti orðið fyrir talsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í áliði Skipulagsstofnunar kemur fram að:

- „Áhrif leiða 2, 3 og 3b á landslag, ásynd, jarðmyndanir og gróður verða óhjákvæmilega verulega neikvæð. Þessar leiðir hafa talsverð neikvæð áhrif á fugla og áhrif á landslag, ásynd og jarðmyndanir verða varanleg og óafturkræf.“
- „Skipulagsstofnun telur að neikvæð umhverfisáhrif leiðar 1 séu minni en annarra kynnta kosta. Auk þess leiðir veglagning samkvæmt leið 1 til minnstrar efnistöku úr nærliggjandi námum og skapar þar með bestu möguleika á að komist megi hjá efnistöku úr námunni Friðsæld við Dynjanda. Með vali á leið 1 væri dregið eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og samræmdist sú leið því best markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum.“

- „Skipulagsstofnun telur að öðru leyti að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á byggingartíma/rekstrartíma.“

6.2.1 **Áhrif á landslag og ásýnd**

Skipulagsstofnun telur að vegur eftir leið 3 að vestanverðu muni hafa veruleg neikvæð áhrif þar sem hann þverar órofna landslagsheild votlendisfláka og á mun lengri kafla en leið 1. Að austanverðu hafi vegurinn veruleg neikvæð áhrif þar sem hann fari um órofið landslag votlendisfláka, vatnalandslags og hóla. Einkum verða áhrifin verulega neikvæð þar sem vegurinn fer yfir vogana austan Hríseyjar, við Hrafnsey og að Hafnarnesi en þar klýfur hann vatnalandslagið og fellur engan veginn að þeim landformum sem fyrir eru.

Ný útfærsla leiðar 3, svokölluð leið 3b, komi til með að hafa veruleg neikvæð áhrif á landslag á sama hátt og leið 3 að því undanskyldu að á kaflanum frá Hafnarnesi að Skarðshólum verði áhrifin aðeins talsverð neikvæð þar sem vegur færir ekki út í Flóa en um hólalandslag og votlendi.

Að mati stofnunarinnar mun frekari vinnsla efnis úr námunni Friðsæld, austan við bæinn Dynjanda, hafa í för með sér veruleg neikvæð áhrif á landslag þar sem sár í hlíðinni mun sjást víða að um ókomna tíð. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að leitað verði allra mögulegra leiða til þess að komast hjá frekari efnistöku úr Friðsæld og ráðist verði í að ganga frá námunni. Efni í fyllingar og burðarlag er að finna í öðrum tilgreindum námum í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030, sem hafa ekki eins neikvæð sjónræn áhrif og efnistaka úr námunni Friðsæld og því ætti að skoða frekari nýtingu þeirra í stað þess að halda áfram efnistöku úr Friðsæld. Skipulagsstofnun telur að með vali á leið 1 eru bestu möguleikar til að komast hjá efnistöku úr námunni Friðsæld.

Viðbrögð

Bæjarstjórn gerir sér grein fyrir því að framkvæmd sem felst í færslu Hringvegur muni valda áhrifum á landslag. Samanburður valkosta sýnir að allar leiðir valda neikvæðum áhrifum á landslag. Leið 1 veldur minni áhrifum á landslag, en þau eru engu síður metin talsverð. Bæjarstjórn telur að leið 1 nái ekki þeim markmiðum sem gildandi aðalstefnt er að með framkvæmdum og því sé hún síðri.

Bæjarstjórn hefur litið til þess hvort að gripið hafi verið til aðgerða og/eða útfærslu breytt þannig að hægt sé að draga úr áhrifum á landslag og ásýnd. Áherslan hefur verið á að skoða (1) legu vegar um votlendisfláka, vatnalandslag og fláka, (2) umfang og verklag efnistöku og (3) verndarsvæði m.t.t. landslags.

Bæjarstjórn telur að með nýrri útfærslu legu vegar frá Hafnarnesi að Skarðshólum hafi verið dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og unnt er. Vegurinn er færður utan náttúruverndarsvæðis, sem hefur talsvert gildi.

Vegagerðin hefur við frekari undirbúning dregið talsvert úr umfangi efnistöku, sem veldur því að áhrif framkvæmda á landslag og ásýnd verði minni en gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Þannig er í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til lagningar á nýjum Hringvegi um Hornafjörð sótt um heimild fyrir 7 efnistökustöðum og 883.000 m³, í stað 10 náma og 1.500.000 m³.

Vegagerðin hefur dregið verulega úr umfangi efnistöku við Friðsæld auk þess að afmarka athafnasvæðið við þegar raskað svæði og mun haga efnistöku þannig að efnistakan raski ekki stöðugleika skriðunnar. Þannig er dregið úr líkum á því að það renni úr hlíðum Dynjanda vegna efnistöku. Þessi áform eru mikilvægur þáttur í að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd.

Sveitarfélagið leitaði auk þess umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina við afgreiðslu á umsókn um framkvæmdaleyfi. Að mati sveitarfélagsins er fyrirkomulag framkvæmdar sem Vegagerðin sækir um í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar. Efnistöku er fyrst og fremst beint í árfarvegi. Fyrirkomulag efnistöku í Friðsæld miðar að því að draga verulega úr neikvæðum áhrifum og vegurinn fer ekki um náttúruverndarsvæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 2. nóvember 2016 kemur m.a. fram að:

Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar óskaði Umhverfisstofnun eftir því að vegurinn yrði ekki lagður um Skarðsfjörð sem er á náttúruuminjaskrá.

Framkvæmdaaðili hefur orðið við þeirri beiðni og telur Umhverfisstofnun nú að vegur norðan við Skarðsfjörð hafi sem slíkur ekki neikvæð áhrif á verndargildi Skarðsfjarðar.

Umhverfisstofnun hefur nú um langt árabil bent á að efnistaka úr skriðum norðan Hornafjarðar hafi verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Nú þegar nýr vegur verður lagður sunnan byggðar í Nesjum telur Umhverfisstofnun að í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd ætti sveitarstjórn Hornafjarðar að leita leiða til að beina efnistöku í sveitarfélaginu frekar í áraura þar sem slíkt hentar og freista þess með þeim hætti að minnka verulega neikvæð sjónræn áhrif sem fylgja efnistöku í fallegum fjallshlíðum. Sérstaklega mætti líta til námu í Hólmsá í þessu sambandi.

Varðandi efnistöku úr námunni Friðsæld þá telur Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að nýta frekar efnismikla hryggi við frambrún námubotns í stað þess að taka efni úr sjálfri hlíðinni. Með þessu móti mætti draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar og leggja skal áherslu á að móta frambrún námubotnsins sem líklega mætti einnig lækka. Að því loknu telur Umhverfisstofnun að hætta eigi efnistöku á þessum stað.

Við mat á umfangi og vægi áhrifa hefur sveitarfélagið litið til þess hvort að framkvæmdir fari um verndarsvæði vegna landslags. Eftir að vegur var færður norður fyrir Skarðsfjörð eru framkvæmdir ekki á verndarsvæðum.

Þá hefur bæjarstjórn jafnframt litið til verndarmarkmiða 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem á við um jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, sem mögulega eiga við um framkvæmdina og fyrirhugað framkvæmdasvæði. Í 3. gr. laganna kemur fram að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfelld yfirlit um jarðsögu landsins,
- að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,
- að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.
- að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi og fylgigögnum, álit Skipulagsstofnunar, dags. 7. ágúst 2009 og annarra gagna málsins, er það fyrst og fremst d-liður 3. gr. laganna sem á við um fyrirhugaða framkvæmd Vegagerðarinnar. Eins og komið hefur fram munu allir kostir valda neikvæðum áhrifum á landslag.

Bæjarstjórn mun í framkvæmdaleyfi stuðla að því að dregið verði úr áhrifum á landslag með því að að:

- ▶ Takmarka umfang efnistöku úr námunni Friðsæld og að þar verði mótað skýrt verklag til að draga úr líkum á skriðuföllum. Með takmörkunum og skýru verklagi verður hægt að draga talsvert úr neikvæðum áhrifum efnistöku í námunni.
- ▶ Endurheimta votlendi (sjá kafla 6.2.3), sem getur að einhverju leyti mótað nýtt vatnalandslag.

6.2.2 *Áhrif á jarðmyndanir*

Skipulagsstofnun telur að leið 1 hafi afgerandi minni áhrif á jarðmyndanir en leið 3b þar sem hún fer ekki yfir sjávarfitjar og leirur, sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (nú 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd), austan Hríseyjar. Leiðir 2 og 3 (3b) munu þvera sjávarfitjar og leirur og brjóta upp ósnortna heild og þannig hafa veruleg neikvæð áhrif.

Viðbrögð

Bæjarstjórn telur að bergmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu algengar í samræmi við upplýsingar sem koma fram í matsskýrslu. Á svæðinu sé mikið um jökuláreyrar og aðrar setmyndanir enda framburður mikill frá ám og í Hornafirði sjálfum. Áhrif á jarðmyndanir eru staðbundin og fyrirhuguð framkvæmd kemur að mati sveitarfélagsins ekki til með að rýra verndargildi jarðmyndana.

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd falla sjávarfitjar og leirur ekki undir jarðminjar, heldur eru sjávarfitjar og leirur hluti af mikilvægum vistkerfum eins og votlendi, sbr. a. lið 1. mgr. 61. gr. laganna. Bæjarstjórn telur því ekki vera mun á áhrifum valkosta á jarðmyndanir, andstætt því sem fram kemur í álitum Skipulagsstofnunar. Áhrif valkosta eru því sambærileg og eru fyrst og fremst vegna efnistöku í grónum áreyrum og skriðum (Friðsæld). Eins og komið hefur fram er dregið verulega úr efnistöku úr námunni Friðsæld og skv. umsókn Vegagerðarinnar verður ekki nýtt rask í hlíðum eða skriðum. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar á fjallshlíðina við námuna Friðsæld verða því óbreytt.

Framkvæmdir koma ekki til með að raska jarðmyndum eða jarðminjum sem njóta verndar 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013. Það er því mat bæjarstjórnar að áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir verði neikvæð, en ekki verulega neikvæð.

6.2.3 *Áhrif á gróður*

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin tekur undir með Vegagerðinni, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun um að leiðir 2, 3 og 3b valdi mestu raski á votlendi. Vegur eftir leið 1 fer styttri leið um votlendi en aðrar leiðir. Einnig kemur fram í niðurstöðu Skipulagsstofnunar að leið 1 muni hafa minnst neikvæð áhrif á votlendi umfram bein áhrif.

Heildarniðurstaða Skipulagsstofnunar er að áhrif leiðar 1 á gróðurfar verði talsvert neikvæð en af leiðum 2, 3 og 3b verulega neikvæð. Skipulagsstofnun leggur til að í framkvæmdaleyfi verði sett skilyrði um að Vegagerðin myndi formlegan samráðshóp fagaðila, m.a. með aðild Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar, um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar. Samráðshópurinn hafi það hlutverk að fylgjast með endurheimt votlendis á framkvæmdasvæðinu og vinni að því markmiði að votlendi endurheimtist til jafns við það sem framkvæmdin hafi raskað.

Viðbrögð

Áhersla umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum og álitum Skipulagsstofnunar var á votlendi. Því hefur bæjarstjórn lagt áherslu á þann þátt og kannað hvort unnt sé að draga enn

frekar úr neikvæðum áhrifum á votlendi og tryggt að efnisval stuðli að gegndræpi vegarins um votlendi.

Niðurstaða matsins er að leið 1 valdi minnstu raski á votlendi, en það er um 20 ha í stað 32 ha fyrir leið 3b. Heildarröskun vegna leiðar 1 á votlendi var metið um 52 ha en 77 ha í tilviki leiðar 3b.

Með aðgerðum til að endurheimta votlendi, stofnun samráðshóps til að fylgja þessum málum eftir, efnisvali og ræsagerð á nauðsynlegum stöðum er hægt að draga talsvert úr neikvæðum áhrifum á gróður og votlendi. Það er hins vegar ljóst að endurheimt og gróðurframvinda muni taka tíma.

Bæjarstjórn lítur til niðurstaðna rannsókna Náttúrufræðistofnunar (2006)¹, sem var að leið 3 færi ekki að marki yfir viðkvæman sjávarfitjagróður. Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta leirur og sjávarfitjar sérstakrar verndar og ber að forðast röskun þeirra. Sömuleiðis njóta mýrar og flóar sem eru 3 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar samkvæmt sömu grein. Þessi vistkerfi finnast öll á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en verða fyrir mismiklu raski eftir þeim leiðum sem voru til skoðunar.

Að mati bæjarstjórnar hefur Vegagerðin lagt áherslu á að sneiða framhjá þessum vistkerfum þar sem það hefur reynt mögulegt. Það hefur verið gert, t.d. með því að færa veglínu norðan við Flóa og útfyrir Skarðsfjörð. Efni í vegfyllingu verður valið með tilliti til lektar svo að vatnsbúskapur sjávarfitja, mýra og flóa raskist sem minnst. Einnig er lögð áhersla á að tryggja full vatnsskipti með hönnun brúaropa og ræsa.

Í álitni Skipulagsstofnunar og í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 29. febrúar 2008, kemur fram sú skoðun stofnana að ákveðin óvissa sé um hve miklum árangri er hægt að ná með gegndræpu lagi neðst í vegi yfir votlendi og Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að hliðstætt efni verði notað í undirbyggingu vegar yfir mýrar og flóa sé veruleg óvissa um hvaða áhrif vegurinn hefur á vatnsbúskap votlendis með mójardvegi.

Bæjarstjórn hefur því óskað eftir ítarlegri lýsingu frá Vegagerðinni um fyrirkomulag framkvæmda og hefur skoðað niðurstöður rannsókna Votlendisseturs Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Bæjarstjórn óskaði eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um hvar væri mójardvegur á framkvæmdasvæðinu. Í svari Vegagerðarinnar kom fram að hvergi væri mór í veglínu vestan Hafnarvegar. Austan Hafnarvegar eru mómýrar á milli klapparhólanna.

Vegagerðin sendi minnisblað, dags. 11. nóvember 2016, um vegi í votlendi eða mjúkri undirstöðu. Þar kemur fram frekari rökstuðningur af hverju verklag við lagning vegar skili árangri m.t.t. vatnsbúskaps. Þar er einnig gerð grein fyrir því hver sé megin orsök þess að virkni gegndræps burðarlags sé ekki í samræmi við væntingar. Samkvæmt Vegagerðinni skiptir öllu máli hver hraðinn er á álagið á undirstöðuna. Ástæða þess að árangurinn sé ekki eins og til sé ætlast stafi af því að á framkvæmdatíma sé álagið sett of hratt á undirstöðuna og þar með næst ekki nægjanleg dreining.

Bæjarstjórn kannaði einnig fyrirliggjandi rannsókn Landbúnaðarháskóla Íslands sem gefur sterka vísbendingu um að með réttu verklagi náist markmið með leku undirlagi. Litið er til niðurstaðna í langtímarannsókn um votlendi við nýja vegi á Vatnaheiði og Borgarfjarðarbraut. Niðurstöðurnar eru að áhrif vegagerðar á votlendisgróður eru breytileg, allt frá því að vera hverfandi lítil umfram veginn sjálfan yfir í það að ná nokkuð

¹ Regína Hreinsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson. 2006. *Gróður og fuglalíf á áhrifasvæði fyrirhugaðrar vega- og brúagerðar við Hornafjarðarfjót*: Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 66 bls.

út fyrir framkvæmdasvæðið og þá einkum undan halla. Breytingarnar virðast hægfara. Helstu áhrifaþættir eru: Votlendisgerð, lega vegar um votlendið og jarðvatnsstaða.

Í rannsókn kemur m.a. fram að tillögur um umhverfisaðgerðir, sem eru að nota gegndræpt fyllingarefni með jarðvegsdúk og notast við drenlagnir sem lagðar eru í möl.

Bæjarstjórn leit einnig til skýrslu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins „Endurheimt votlendis. Aðgerðaráætlun. Samráðshópur um endurheimt votlendis. 7.3.2016.“ Þar kemur fram á bls. 7 að „Mikið er um að vötn og tjarnir hafi verið endurheimt eða alls í 15 verkefnum. Verkefni við endurheimt mýra eru 13. Alls eru sex dæmi um endurheimt flæðiengja. Ekki eru dæmi um endurheimt leira. Árangur er í flestum tilvikum góður.“

Varðandi rask á öðrum gróðursvæðum vísar bæjarstjórn í svar Umhverfisstofnunar, dags. 2. nóvember 2016, við álitsumleitan bæjarstjórnar. Umhverfisstofnun telur að það eigi „almennt að leitast við að græða upp röskuð svæði sérstaklega ef haft er í huga mögulegt sandfok á nýrri leið bæði vegna landhækkunar og gróðureyðingar. Því telur stofnunin að við fyrirhugaða framkvæmd eigi að hlífa gróðri eins og kostur er og beina efnistöku frekar í ógróin svæði fremur en t.d. í grónar áreyrar. Varðandi námu í Djúpá hafa komið fram ábendingar að vegna lífríkis árinna er talið best að beina efnistökkunni fjær ánni og í gróna áreyri í stað efnistöku nærri farvegi. Ef ætlunin er að halda ánni frá þessu svæði að efnistöku lokinni ætti að kanna möguleika á því að græða þetta svæði upp og einnig ætti að kanna hvort unnt verði að styrkja gróðurframvindu með því að gera tjarnir á gróðurlitlum svæðum, en slíkur frágangur getur að mati Umhverfisstofnunar verið góður kostur þegar um frágang raskaðra svæða á flatlendi er að ræða.“

Byggt á yfirferð gagna hefur bæjarstjórn ákveðið að leggja til ákveðna skilmála í framkvæmdaleyfi:

- ▶ Bæjarstjórn mun gera það að skilyrði fyrir framkvæmdum að leitað verði samráðs við Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um endurheimt votlendis í samræmi við það sem tapast.
- ▶ Efni í vegfyllingu verður valið með tilliti til lektar til að hefta ekki vatnsbúskap. Brúarop og ræsi verða hönnuð þannig að óskert vatnsskipti náist.

Bæjarstjórn telur því raunhæft að meta það svo að verklag Vegagerðarinnar við lagningu vegar um votlendi virki, með réttu efnisvali og verklagi við gerð vegfyllingar. Þá er það einnig skoðun bæjarstjórnar að með samvinnu fagstofnana um útfærslu á endurheimt votlendis verði stuðlað að því að umfang endurheimt og virkni verði eins og best verður á kosið.

6.2.4 **Áhrif á fuglalíf**

Skipulagsstofnun telur að með raski á búsvæðum og fæðuöflunarsvæðum komi framkvæmdin til með að hafa bein áhrif á fuglalíf þeirra svæða. Vegur eftir leið 1 komi til með að hafa nokkur neikvæð áhrif á fuglalíf en leiðir 2, 3 og 3b talsverð neikvæð áhrif og vegi þar þyngst röskun á fæðuöflunarsvæðum fugla.

Viðbrögð:

Bæjarstjórn telur að þær aðgerðir sem ráðist skal í til að draga úr áhrifum á votlendi og aðgerðir til að endurheimta votlendi hafi það í för með sér að dregið verði úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf, þar sem ný fæðuöflunarsvæði verða mynduð.

Bæjarstjórn telur að það sé raunhæf niðurstaða m.t.t. gagna sem lögð voru fram í mati á umhverfisáhrifum. Bæjarstjórn leit einnig til nýlegra rannsókna Náttúrufræðistofnunar

Íslands um endurheimt. Í skýrslu stofnunarinnar „Fuglalíf á endurheimtum vötnum á Vesturlandi“² kemur fram að endurheimt virðist hafa haft mjög jákvæð áhrif á fuglalíf vatnanna sem rannsökuð voru. Fjöldi fuglategunda á endurheimtum vötnum var svipaður og á óröskuðum sambærilegum vötum í nágrenninu. Þegar rannsóknir fóru fram voru liðin rúmlega 10 ár frá endurheimt. Í ljós kom svæðisbundinn munur á fuglalífi vatna á rannsóknasvæðinu, óháð því hvort þau eru endurheimt eða náttúruleg. Sá munur tengist jarðgrunni, landgerð og öðrum umhverfispáttum.

- Bæjarstjórn telur því mikilvægt að samráðshópur um endurheimt votlendis leiti álits Náttúrufræðistofnunar á fyrirhuguðum aðgerðum.

6.2.5

Áhrif á umferðaröryggi

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram niðurstaða stofnunarinnar að slysatíðni á núverandi Hringvegi sé há miðað við landsmeðaltal. Stofnunin telur ljóst að áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi, samkvæmt öllum kostum, verða talsvert til verulega jákvæð.

Viðbrögð

Umræður um umferðarslys og bætt umferðaröryggi hafa verið fyrirferðarmiklar í þjóðfélaginu undanfarið. Slysatíðni á Hringvegi um Hornafjörð er enn fremur há miðað við landsmeðaltal. Umferð hefur aukist hraðar en ráð var fyrir gert og er það fyrst og fremst tilkomið vegna fjölgunar erlendra ferðamanna.

Yfirlit um sumardagsumferð árið 2005 og 2015 á einstökum vegköflum Hringvegjar

Vegkafla	2005	2015*	Aukning
1-v6 Hornsvegur-Hafnarvegur	669	1.026	53 %
1-v7 Hafnarvegur-Nesjahverfi	1.172	1.803	54 %
1-v8 Nesjaborp-Hoffellsvegur	784	1.069	36 %
1-v9 Hoffellsvegur-Hólmsvegur	615	1.314	114 %

* Heimild: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

Umferðaröryggi er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir sveitarfélagið, sem og vegfarendur. Niðurstaða Vegagerðarinnar er að leið 3b komi til með að auka umferðaröryggi verulega, en leið 1 mun auka umferðaröryggi talsvert.

Mikilvægur þáttur í umferðaröryggi er fjöldi vegtenginga á hverjum vegkafla. Fjöldi vegtenginga er talsvert meiri á leið 1 en leið 3b. Vegagerðin hefur leitað leiða til að fækka vegtengingum á leið 1, en hefur ekki getað lagt fram tillögu sem er hagkvæm eða raunhæf. Vegagerðin telur erfitt að fækka tengingum þannig að 300 m náist á milli tenginga á leið 1.

Bæjarstjórn hefur m.a. litið til umsagnar vinnuhóps um mat á umferðaröryggi vega, um Hringveg (1) um Hornafjörð (Vegagerðin 2008) og kemur eftirfarandi fram: „Á leið 1 verða veg/slóðatengingar mun fleiri en á hinum leiðunum. Þetta er þó ekki sýnt nema í stöku tilfellum. Á öllum leiðum er mikilvægt að þar sem stutt er á milli þeirra sé reynt að fækka þeim með sameiningu slóða utan vegsvæðis. Á nokkrum stöðum eru tengingar til beggja handa á sama stað. Það er mjög hættulegt og hafa orðið þó nokkur slys við slíkar aðstæður. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir slík tilvik.“ Viðbrögð veghönnuða koma einnig fram og eru þau að „[l]jóst er að tengingar eru flestar við leið 1 og því verður

² Náttúrufræðistofnun Íslands. 2012, 11. Maí. NÍ-12002. Höf: Svenja N.V. Auhage, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson

kostnaður við gerð hliðarvega meiri við þennan kost en aðra. Við þéttbýlið við Holt gæti orðið erfitt um vik að fækka tengingum svo ásættanleg byki.“

Í greinargerð Aðalskipulags Hornafjarðar 1998-2018 kom m.a. fram að markmiðið með lagfæringum á Hringvegi 1 sé „*einkum að stytta akstursleiðir og leggja af krókotta og blinda kafla á Þjóðvegi 1 og fækka brúm. Það leiðir til aukins umferðaröryggis.*“ Leiðir 3 og 3b leiða til aukins umferðaröryggis fram yfir aðrar leiðir vegna fækkunar vegtenginga við Hringveginn og til verður tvöfalt vegakerfi þar sem gömlu veginir verða fáfarnari innansveitarvegir, sem munu m.a. höfða til ferðamanna.

Stefna Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta. Gert er ráð fyrir breytingum á Hringvegi til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Skipulagið gerir ráð fyrir breytingum á vegstæði Hringvegar 1. Breytingarnar miða að því að stytta hringveginn og auka umferðaröryggi, á nokkrum stöðum í samræmi við Samgönguáætlun 2011-2022.

Sveitarfélagið hefur um árábil, sbr. einkum breytingar á Aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, staðfestar af umhverfisráðherra þann 25. júní 2009, lagt megin áherslu á að lagning á nýjum Hringvegi um Hornfjörð stuðli að auknu umferðaröryggi og styttingu leiða innan sveitarfélagsins. Styttri ferðatími og aukið umferðaröryggi er íbúum í dreifbýlinu sérstaklega til hagsbóta, auk þess sem atvinnulífið nýtur góðs af. Breyttar ferðavenjur síðustu ára styðja enn frekar við stefnumið um hagkvæmar samgöngur og aukið umferðaröryggi.

Það er því niðurstaða bæjarstjórnar að leið 3b uppfylli markmið um aukið umferðaröryggi og geri það mun betur en aðrar leiðir (aðrir valkostir) geti gert.

7 Lög og reglur og leyfi annarra leyfisveitenda

Sveitarfélag hefur farið yfir ákvæði laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem koma til álita áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Lög sem bæjarstjórn hefur tekið mið af við ákvörðun um framkvæmdaleyfi eru m.a.:

- ▶ Skipulagslög nr. 123/2010
 - > Sérstaklega var skoðað hvort umsókn Vegagerðarinnar væri í samræmi við gildandi Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.
 - > Bæjarstjórn leit til 13. gr. skipulagslaga sem gildir almennt um framkvæmdaleyfi, auk þess að fjalla um umsóknina á grundvelli 14. gr. þar sem um er að ræða framkvæmdaleyfi vegna matskyldra framkvæmda.
 - > Hvað varðar nauðsynleg gögn sem skulu fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi var horft til 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Það er mat bæjarstjórnar að umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi, og fylgigögn með umsókn fullnægi 3. mgr. 13. gr. skipulagslaga, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012.
 - > Bæjarstjórn hefur kynnt sér matsskýrslu Vegagerðarinnar um framkvæmdina og kannað hvort hún sé sú sem lýst er í matsskýrslu, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Það er skoðun bæjarstjórnar að framkvæmdin sé í samræmi við matsskýrsluna og uppfylli þannig skilyrði 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga.
 - > Við undirbúning og afgreiðslu bæjarstjórnar var gætt ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem eiga við um málið, sbr. 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga. Sjá nánar hér á eftir.
 - > Leitað var umsagnar Skipulagsnefndar. Umsögn barst 30. nóvember 2016.
- ▶ Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd

- > Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn um Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 sem fjalla um færslu Hringvegur og umsagnir hennar liggja fyrir um mat á umhverfisáhrifum í samræmi.
- > Sérstök áhersla var lögð á 2. gr., 3. gr., 9. gr. og 61. gr. laganna.
- > Leitað var umsagnar Umhverfisstofnunar vegna veitingu framkvæmdaleyfis í samræmi við 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umsögn barst 2. nóvember 2016.
- > Leitað var umsagnar umhverfisnefndar. Umsögn barst 29. nóvember 2016.
- ▶ Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
 - > Ekki er hættá á röskun fornleifa eða menningarminja. Umsagnir Fornleifaverndar ríkisins liggja fyrir um mat á umhverfisáhrifum vegna Hringvegur um Hornafjörð, 15.2.2008 og 2.12.2008. Samkvæmt niðurstöðu þarf einungis að merkja fornleifar á leið 3 á meðan framkvæmdum stendur og hefur sú leið minnst áhrif á fornleifar.
- ▶ Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði
 - > Framkvæmdir hafa áhrif á ár þar sem fiskgengd er og því ber Vegagerðinni að sækja um heimild Fiskistofu áður en framkvæmdir geta hafist.
- ▶ Lög nr. 17/1965 um landgræðslu
- ▶ Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum
 - > Fyrirhuguð framkvæmd Vegagerðarinnar er matsskyld skv. lögnum. Það er mat bæjarstjórnar að álit Skipulagsstofnunar fullnægi lagaskilyrðum laganna. Bæjarstjórn hefur rökstutt sjónarmið sín sérstaklega þar sem þau fara í bága við álit Skipulagsstofnunar. Bæjarstjórn telur því að framkvæmdin hafi fengið umfjöllun í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000.
- ▶ Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana
 - > Endurskoðun aðalskipulags er matsskyld, sbr. 3. gr. laganna. Við endurskoðun Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 var unnið að matsgerð í samræmi við löggin, sbr. umhverfisskýrsla frá mars 2014 með Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030.
- ▶ Stjórnsýslulög nr. 37/1993
 - > Bæjarstjórn kynnti sér ítarlega fyrirhugaða framkvæmd Vegagerðarinnar, umhverfisáhrif hennar og öll fylgigögn sem fylgdu umsókninni auk annarra gagna í samræmi við 10. gr. laganna.
 - > Bæjarstjórn telur að í ákvörðun sinni felist efni rökstuðnings sem uppfyllir áskilnað 22. gr. laganna. Hefur bæjarstjórn greint frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið í samræmi 1. mgr. 22. gr. laganna.
- ▶ Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011
 - > Sérstaklega var litið til hæfis bæjarfulltrúa til að koma að afgreiðslu umsóknar Vegagerðarinnar en skoðun bæjarstjóra og skipulagsstjóra sveitarfélagsins leiddi í ljós að vanhæfisástæður 20. gr. laganna eigi ekki við um þá bæjarfulltrúa sem koma að afgreiðslu málsins.

Gögn Vegagerðarinnar gera jafnframt grein fyrir því hvernig tekið er á ofangreindum lögum eða þeim lögum sem voru þá í gildi, ásamt ýmsum reglugerðum sem snúa að framkvæmdinni.

Alþjóðlegir samningar

Við afgreiðslu umsóknar hefur bæjarstjórn litið til Ramsarsamningsins og Bernarsamningsins.

Markmið Ramsarsamningsins er að vernda votlendissvæði sem eru fyrst og fremst búsvæði votlendisfugla. Þar segir einnig að vernda skuli öll svæði sem hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla, en til þess að svæði hafi þetta alþjóðlega gildi verða þar að halda sig að jafnaði 20.000 fuglar af tiltekinni tegund eða hið minnsta 1% fugla af tiltekinni tegund eða undirtegund (Norræna Ráðherranefndin 2006). Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna áhrifa Hringvegur um Hornafjörð (Regína Hreinsdóttir o.fl.) er ekki um slíkan fjölda einstakra tegunda að ræða á áhrifsvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar. Framkvæmdasvæðið hefur því ekki alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt skilgreiningu Ramsarsamningsins og því er fyrirhuguð framkvæmd ekki í ósamræmi við samninginn.

Bæjarstjórn tók tillit til Bernarsamningsins um verndun villtra plantna, dýra og náttúrulegra búsvæða þeirra. Í samningnum er sérstök áhersla er lögð á verndun tegunda sem eru óvenjulega viðkvæmar eða hætt komnar. Brandönd og fjöruspói finnast á áhrifsvæði þessara leiða og teljast í bráðri hættu. Framkvæmdir kunna að hafa áhrif á fæðuöflunarsvæði vaðfugla þ.m.t. brandandar.

8 Niðurstaða sveitarfélagsins

Allir kostir um að færa Hringveg um Hornafjörð koma til með að valda neikvæðum umhverfisáhrifum. Til skoðunar hafa verið margvíslegir valkostir, m.a. með hliðsjón af því að draga sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umfang framkvæmda er mikið og veldur óhjákvæmilega slíkum umhverfisáhrifum. Áhrifin verða fyrst og fremst á landslag, ásýnd og votlendi.

Bæjarstjórn hefur lagt áherslu á að bera saman möguleg umhverfisáhrif allra leiða, þó sérstaklega leiðar 1 og leiðar 3b. Með þeim aðgerðum sem hafa verið lagðar til og þeim skilmálum sem verða settir í framkvæmdaleyfi er það niðurstaða að leið 1 muni hafa minni neikvæð umhverfisáhrif á gróður og landslag en leið 3b. Aðrir náttúrufarsþættir verða fyrir sambærilegum áhrifum eða þau teljist a.m.k. ekki verulega neikvæð.

Í skoðun á álitum Skipulagsstofnunar, gagna sem fylgdu mati á umhverfisáhrifum, útfærslu framkvæmda skv. framkvæmdaleyfisumsókn og annarra gagna sem bæjarstjórn hefur aflað er komist að þeirri niðurstöðu að dregið hafi verið úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem kostur er á leið 3b og að þau teljist ásættanleg m.t.t. ávinnings sem verður vegna framkvæmda.

Fjöldmörg verndarsvæði eru í sveitarfélaginu. Ríkt tillit var tekið til verndarsvæða og liggur fyrirhuguð framkvæmd utan friðlýstra náttúruverndarsvæða og svæða á náttúruinjasrá.

Stefna Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta. Gert er ráð fyrir breytingum á Hringvegi til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Skipulagið gerir ráð fyrir breytingum á vegstæði Hringvegur og er umsókn Vegagerðarinnar um leið 3b í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag. Breytingar á Hringvegi um Hornafjörð miða að því að stytta Hringveginn og auka umferðaröryggi í samræmi við samgönguáætlun 2011-2022.

Það er niðurstaða bæjarstjórnar að leið 3b uppfylli markmið um aukið umferðaröryggi mun betur en aðrar leiðir geti gert. Að mati sveitarfélagsins eru ekki kostir fyrir hendi sem ná markmiðum sveitarfélagsins um umferðaröryggi og styttingu vegalegnda eins vel og leið 3b.

Ljóst er að leið 1 mun á heildina litið hafa minni áhrif á náttúrfar en leiðir 2, 3 og 3b. Ákveðnar annmarkar eru þó á þeirri leið. Lega leiðarinnar sker t.d. í sundur ræktunarlönd auk þess sem hún skerðir núverandi félags- og útivistarsvæði í Nesjum.

Leið 1 styttr vegalengdir að þjónustukjarna sveitarfélagsins mun minna en leiðir 2, 3 og 3b. Munurinn er 3,3 – 3,5 km á leiðum 3 og 3b annars vegar og leið 1 hins vegar. Stytting vegalengda að þjónustukjarna sveitarfélagsins á Höfn er forsenda áframhaldandi byggða- og atvinnuþróunar á Mýrum, í Suðursveit og Örafum. Að stytta leiðir að þjónustukjarna sveitarfélagsins styður við þá viðleitni að gera sveitarfélagið að einu búsetu- og atvinnusvæði. Jákvæð samfélagsleg áhrif yrðu því mest fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð ef farin verður leið 3b.

Leið 3b leiðir til aukins umferðaröryggis fram yfir aðrar leiðir vegna fækkunar vegtenginga við þjóðveg og til verður tvöfalt vegakerfi þar sem gömlu vegirnir verða fáfarnari innansveitarvegir, sem munu m.a. höfða til ferðamanna.

Í samráðsferli sveitarfélagsins þegar unnið var að breytingu á aðalskipulagi 1998-2018 voru haldnir nokkrir borgarafundir. Á fundi, sem haldinn var í Holti á Mýrum, kom fram mikill vilji íbúa að valin yrði sú leið sem styttri vegalengdina til Hafnar sem mest. Sömu sjónarmið voru ríkjandi á borgarafundi á Höfn sem og á fundi með samgönguráðherra sem haldinn var í Nýheimum. Skiptar skoðanir voru um málið á borgarafundi, sem haldinn var í Mánagarði í Nesjum og þar komu m.a. fram áhyggjur hjá nokkrum landeigendum á áhrifin sem veglagning myndi hafa á náttúrufar sem og á starfsemi þeirra, hvort heldur um er að ræða ferðaþjónustu eða landbúnað.

Bæjarstjórn er sammála um að stytting vegalengda og þar með bætt aðgengi að þjónustukjarna sveitarfélagsins, bætt umferðaröryggi og greiðfærni eru grundvallarmarkmið fyrir sveitarfélagið. Þeim markmiðum verður best náð með því að fara leið 3b. Þrátt fyrir að leið 1 hafi á heildina minni neikvæð umhverfisáhrif en leið 3b, þá er sú stytting á vegalengdum innan sveitarfélagsins, sem leið 3b skilar umfram leið 1, það mikil að bæjarstjórn telur að þau jákvæðu samfélagslegu áhrif, sem hljóttast af leið 3b með bættu aðgengi að þjónustukjarnanum á Höfn, vegi þyngra en minni neikvæð umhverfisáhrif á leið 1. Þess vegna hefur leið 3b verið í Aðalskipulagi Hornafjarðar frá árinu 2009.

Bæjarstjórn telur að með leið 3b hafi verið dregið talsvert úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá fyrstu áformum Vegagerðarinnar og að hún hafi minni neikvæð áhrif í för með sér en leið 3.

Samantekt

Niðurstaða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir Hringvegi um Hornafjörð, eins og honum er lýst í umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 21. júní 2016, og matsskýrslu Vegagerðarinnar, með skilyrðum. Framkvæmdir vegna vegarins eru í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.

- ▶ Framkvæmdaleyfið er bundið skilyrðum, sem snúa að framkvæmd, tilhögun framkvæmda, mótvægisáðgerðum og vöktun umhverfisþátta.
- ▶ Bæjarstjórn telur að jákvæð áhrif af leið 3b vegi meira en þau neikvæðu áhrif sem af framkvæmd verða umfram aðrar leiðir (aðra valkosti).
- ▶ Bæjarstjórn telur að sýnt hafi verið fram á að ekki sé unnt að ná markmiðum um samgöngubætur, aukið umferðaröryggi og styttingu leiða, með öðrum hætti sem valdi umfangsminni umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur til frambúðar. Nýr vegur kemur í stað vegar sem uppfyllir ekki kröfur

Vegagerðarinnar um umferðaröryggi. Nýr vegur mun bæta umferðaröryggi verulega vegna betri legu vegarins og styttingu vegalengda.

- ▶ Óhjákvæmilegt er að vegaf framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á náttúru og í þessu tilviki munu þær m.a. hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins, og votlendi. Með hliðsjón af hagsmunum samfélagsins er það mat bæjastjórnar að neikvæð áhrif séu ásættanleg miðað við þann ávinning sem framkvæmdin hefur í för með sér.
- ▶ Bæjarstjórn telur mikilvægt að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum vegagerðarinnar með því að aðlaga veginn, vegtengingar og námusvæði eins vel að landi og hægt er. Að ósnertu eða lítt röskuðu landi verði raskað sem minnst og að votlendi verði endurheimt. Ítrekað er mikilvægi samráðs við sveitarfélagið sem leyfisveitandi og aðra hagsmunaaðila svo draga megi úr sem flestum neikvæðum áhrifum.
- ▶ Til þess að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið bindur bæjarstjórnin framkvæmdina skilyrðum, sem byggja á matsskýrslu Vegagerðarinnar, álitum Skipulagsstofnunar og nýlegra gagna um náttúrufar.

9 Skilyrði og vöktun

9.1 Skilmálar samkvæmt skipulagsáætlunum

- ▶ Vegagerðina skal hafa samráð við sveitarfélagið um staðsetningu á áningarstöðum við Hringvegin.
- ▶ Deiliskipuleggja þarf námur í Djúpá, Hornarfjarðarfljót, Skógey og við Lambleiksstaði.

9.2 Skilmálar samkvæmt mati á umhverfisáhrifum

Bæjarstjórn gerir þær mótvægisáðgerðir sem koma fram í matsskýrslu vegna leiðar 3b að skilyrðum fyrir framkvæmd. Auk þess það verklag sem gert er ráð fyrir í matsskýrslu, álitum Skipulagsstofnunar og öðrum fylgiskjöllum með framkvæmdaleyfisumsókn.

Eftirfarandi skjal inniheldur samantekt á þeim áðgerðum sem koma fram í matsskýrslu Hringvegur um Hornafjörð frá júní 2009 ásamt skilyrðum í álitum Skipulagsstofnunar frá 7. ágúst 2009. Áðgerðirnar og skilmálar eiga við um leið 3b.

9.3 Núverandi vegur

- ▶ Gert er ráð fyrir að núverandi vegur verði nýttur sem innansveitarvegur. Vegurinn verður rekinn sem slíkur og á meðan viðhald á brú yfir Hornarfjarðarfljót verður ekki kostnaðarsamt verður henni haldið við.
- ▶ Vegagerðin mun tryggja umferðaröryggi miðað við notkun brúarinnar, á sama hátt og gert er fyrir önnur sambærileg umferðarmannvirki í umsjá Vegagerðarinnar.
- ▶ Núverandi vegur mun áfram verða í sama þjónustuflokki og verður mokaður alla daga ef með þarf.

9.4 Framkvæmdaþættir

- ▶ Allar tengingar við nýja veginn verða með T-vegamótum.
- ▶ Allar nýjar brýr á fyrirhuguðum Hringvegi um Hornafjörð verða tvíbreiðar.
- ▶ Núverandi Hringvegur verður tengdur við nýjan Hringveg með 2,2 km löngum tengivegi milli Djúpár og bæjanna Tjarnar og Stórabóls. Þessi vegur mun jafnframt þjóna sem varnargarður meðfram Djúpá.

9.5 Vatnafar, votlendi, fuglalíf og vatnalíf

- ▶ Vegagerðin myndi formlegan samráðshóp fagaðila, m.a. með aðild Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar, um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar.

Samráðshópurinn hafi það hlutverk að fylgjast með endurheimt votlendis á framkvæmdasvæðinu og vinni að því markmiði að votlendi endurheimtist til jafns við það sem framkvæmdin hafi raskað.

Lagt er til að samráðshópur um endurheimt votlendis leiti til Náttúrufræðistofnunar um þætti sem þarf að hafa í huga til að ná sem bestum árangri.

- ▶ Uppbyggingu vega verður háttáð þannig að vatnsflæði skerðist sem minnst og áhrif á votlendi verði í lágmarki.
- ▶ Efnið sem notað verður í nýjan Hringveg um Hornafjörð verður samsvarandi efninu sem er í núverandi varnargarði við Hornafjarðarfjót.
- ▶ Efni í vegfyllingu verður valið með tilliti til lektar svo að vatnsbúskapur sjávarfítja, mýra og flóa raskist sem minnst.
- ▶ Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður ennfremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir, ofan við veginn.
- ▶ Vegagerðin hagar framkvæmdum við gerð brúa yfir laxveiðiár þannig að tjón verður yfirleitt ekkert. Vegagerðin skilgreinir þá framkvæmdatíma og tilhögun framkvæmdar í samvinnu við viðkomandi veiðifélag og Veiðimálastofnun þannig að tjón verði sem minnst og helst ekkert.
- ▶ Með vandvirkni í hönnun og virku eftirliti með framkvæmdum má draga verulega úr hættu á neikvæðum áhrifum brúa og ræsa á fiskstofna og í mörgum tilfellum koma í veg fyrir óæskileg áhrif. Vegagerðin stefnir að því að full vatnsskipti náist með nógu stórum brúaropum og ræsum. Miðað við þessar fyrirætlanir og vandað verklag eiga fyrirhugaðar framkvæmdir ekki að hafa neikvæð áhrif á fiskistofna.
- ▶ Ræsi verði grafin það mikið niður í árbotn á hverjum stað að tryggt verði að þau séu fiskgeng. Þetta á sérstaklega við um Brunnhólsá og Lambleiksstaðakíl.
- ▶ Framkvæmdin verður í fullu samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- ▶ Efnistökusvæði Djúpár. Velja tímasetningu á efnistöku utan göngutíma seiða.
- ▶ Framkvæmdaraðili mun leitast við að raska sem minnstu í árfarvegum á bilinu maí til júlí og sjá til þess að leiðir haldist opnar fram á haust til að göngur fiska úr sjó haldist ótruflaðar.
- ▶ Framkvæmdaraðili hefur áform um að standa að endurheimt votlendis í stað þess sem raskast með fyrirhugaðri framkvæmd. Til greina kemur að græða upp svæðið þar sem ósar Hólmsár og Hornafjarðarfjóts mættust áður.
- ▶ Vegagerðin fylgist með vindrofi jarðvegs vegna framkvæmda.
- ▶ Tillaga Vegagerðarinnar um 100 m langa brú [milli Hríseyjar og Árnanes] tryggir að mannvirkin hafa lítil áhrif á vatnsborð innan veglínanna í venjulegum vorflóðum (flóð með 2-ára endurkomutíma).
- ▶ Tillaga Vegagerðarinnar um 50 m langa brú á leið 3b [milli Árnanes og Dilksness] tryggir að mannvirkin hafa nánast engin áhrif á sjávarföll og vatnaskipti innan veglínanna.
- ▶ Þar sem sjávarfalla gætir í vegstæðum er þess sérstaklega gætt að vatnsop séu nægjanlega stór þannig að sjávarföll séu óskert innan veglínunnar.

9.6

Frágangur og uppgræðsla

- ▶ Í votlendi er ekki gert ráð fyrir að sá sérstaklega í vegfláa þar sem gróður á slíkum stöðum á auðvelt með að skjóta rótum í fyllingum. Á öðrum stöðum verður leitast við að sá með sambærilegri fræblöndu og Vegagerðin hefur notað á viðkomandi svæði.

- ▶ Samráð verður haft við viðeigandi sérfræðinga varðandi mögulega sáningu og/eða áburðargjöf og þá hvaða fræblöndur skuli reyna á hverjum stað, verði sáning talin vænlegur kostur.
- ▶ Vegfláar verða græddir upp með grenndargróðri þar sem það á við til þess að fella veginn betur að landslaginu.
- ▶ Með tilkomu nýrra varnargarða við fyrirhugaða brú yfir Hornafjarðarfljót kemur til með að myndast land innan varnargarðanna vegna þess að áin mun ekki flæmast þar um lengur. Því fyrr sem landið þornar því fyrr er hægt að hefja uppgræðsluáðgerðir og með því koma í veg fyrir mögulegt sandfok. Við ákveðnar aðstæður gæti landið þó gróið upp án frekari aðgerða, það á ekki síst við ef vatnsstaða verður nægilega há til að koma í veg fyrir sandfok. Vegagerðin mun fylgjast með þróun landsins við fyllinguna og grípa til aðgerða í samráði við viðeigandi sérfræðinga ef þörf krefur.

9.7 Efnistaka

- ▶ Frágangur á efnistökusvæðum skal ákveðinn í samráði við Umhverfisstofnun.
- ▶ Landi verður ekki raskað nema á afmörkuðum efnistökusvæðum og skeringum.
- ▶ Að öllu jöfnu verður halli fláa á efnistökusvæðunum breytilegur og mun miðast við að fláar efnistökusvæða falli sem best að umhverfi sínu.
- ▶ Halli fláa á grónum svæðum mun ekki verða meiri en 1:3 og þannig verður reynt að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik.
- ▶ Við uppgræðslu efnistökusvæða sem eru á grónum svæðum verður gætt að grenndargróðri þar sem það á við.
- ▶ Svarðlag og jarðvegur sem er ofan á efnistökusvæðunum verður nýttur til að endurheimta þann gróður sem fyrir var en auk þess verður áburður og sáning notuð eftir atvikum.
- ▶ Ekki verður ráðist í uppgræðslu á efnistökusvæðum á ógrónum svæðum.

9.7.1 Náma 1: Hólmsá

- ▶ Við frágang námunnar verður látið nægja að slétta niður bakka sem hugsanlega verða til við efnistökkuna.
- ▶ Gert er ráð fyrir því að Hólmsá muni flæða um svæðið þegar efnistöku lýkur og þannig muni áin eyða ummerkjum um efnistökkuna.

9.7.2 Náma 2: Djúpa

- ▶ Unnið verði deiliskipulag fyrir námu í samræmi við fyrirliggjandi hönnun.
- ▶ Við frágang námunnar verður látið nægja að slétta niður bakka sem hugsanlega verða til við efnistökkuna.
- ▶ Gert er ráð fyrir því að Djúpa muni flæða um svæðið þegar efnistöku lýkur og þannig muni hún sjá um lokafrágang.
- ▶ Efnistökusvæði námunnar er rúmt afmarkað og ekki er gert ráð fyrir að nota þurfi allt það svæði sem sýnt er á kortinu.
- ▶ Reynt verður að taka efni eins og hægt er úr ógrónum áreyrum.

9.7.3 Náma 3: Grjótá

- ▶ Efnið verður tekið að mestu innan árfarvegarins og mun hann dýpka sem efnistökkunni nemur en efnið verður tekið á 1-2 m dýpi.
- ▶ Við frágang verður efnistökusvæðið sléttað og verða bakkar sem kunna að hafa myndast við efnistökkuna brotnir niður og verða fláar ekki með meiri halla en 1:3.

9.7.4 **Náma 5: Hornafjarðarfljót**

- ▶ Unnið verði deiliskipulag fyrir námu í samræmi við fyrirliggjandi hönnun.
- ▶ Gert er ráð fyrir að efni verði tekið á 1-2 m dýpi.
- ▶ Líklegt er að lægðir myndist í farvegi fljótsins þar sem mest verður tekið af efni. Svæðið mun þó líklega jafna sig fljótt, enda flytja fljótin mikið magn sets árlega auk þess sem sandurinn er mjög gljúpur og mun fljótt renna til á lægri svæði.
- ▶ Ekki er gert ráð fyrir öðrum frágangi en að allir haugar sem kunna að myndast við efnistöskuna verði jafnaðir. Fljótin munu svo sjá um lokafrágang.

9.7.5 **Náma 6: Skógey**

- ▶ Unnið verði deiliskipulag fyrir námu í samræmi við fyrirliggjandi hönnun.

9.7.6 **Náma 7: Friðsæld**

- ▶ Unnið verði deiliskipulag fyrir námu í samræmi við fyrirliggjandi hönnun.

9.7.7 **Náma 10: Ofan við Einholtsvötn**

- ▶ Unnið verði deiliskipulag fyrir námu í samræmi við fyrirliggjandi hönnun.

9.8 **Fornminjar**

- ▶ Minjastofnun Íslands verður gert viðvart ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir.
- ▶ Eftirfarandi fornminjar verða merktar á áberandi hátt til að forðast rask á framkvæmdatíma.
 - > **Hafnarnes 159558 19-5** Rétt, um 95 m norðan við miðlínu áætlaðs vegar
 - > **Hafnarnes 159558 19-6** Kofatóft norðan við réttartóftir. Tóftin er í um 77 m fjarlægð frá miðlínu leiðar 3b.
 - > **Hafnarnes 159558 19-2** Bæjarhóll undir klettholti. Ekki er hægt að sjá tóftaleifar þar sem sléttað hefur verið úr hólunum. Óhreyfðar mannvistarleifar gæti verið að finna undir yfirborði. Hóllinn er í um 37 m fjarlægð frá miðlínu vegarins og ætti því að sleppa við rask. Bæjarhóllinn verður girtur af til að forðast skemmdir á framkvæmdatíma.
 - > **Dilksnes 159472 20-4** Garðlag eða skurður. Endi garðlagsins er í um 29 m fjarlægð frá fyrirhuguðum vegi og ætti því að sleppa við rask. Garðurinn verður merktur á áberandi hátt til að forðast skemmdir á framkvæmdatíma.
- ▶ Rétt eða fjárhúsi (**159475 18-4**) í grennd námu 7 verður ekki raskað af framkvæmdum.
- ▶ Upplýsingum um staðsetningu fornminja verður komið á framfæri við verktaka. Þannig má forðast að hafa vinnubúðir eða efnisgeymslur of nálægt fornminjum. Verktakar munu vera beðnir um að sýna gát í nágrenni fornleifa.
- ▶ Samráð verður haft við landeigendur til þess að fá nánari staðsetningu á fornminjum 159498 21-4 austast í Grámosahólum.
- ▶ Tryggt verður að varnargarði við Grjótá (160108 42-2) verði hlíft við raski vegna framkvæmda.

9.9 **Álit Skipulagsstofnunar**

- ▶ Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi skilyrði við veitingu framkvæmdaleyfis:
 - > Vegagerðin myndi formlegan samráðshóp fagaðila, m.a. með aðild Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar, um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar. Samráðshópurinn hafi það hlutverk að fylgjast með endurheimt votlendis á framkvæmdasvæðinu og vinni að því markmiði að votlendi endurheimtist til jafns við það sem framkvæmdin hafi raskað.

- ▶ Skipulagsstofnun bendir á að komi til þess að námuréttarhafar hyggjast nýta efni úr námum þar sem efnistaka hófst fyrir 1. júlí 1999 eða opna nýjar námur vegna annarra verka en til vegalagningar yfir Hornarfjarðarfliót ber að líta á þær sem sjálfstæðar framkvæmdir sem heyra undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. fari umfang þeirra yfir stærðarviðmið sem tilgreind eru í 1. og 2. viðauka laganna.
- ▶ Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- ▶ Leita þarf heimildar Fiskistofu vegna efnistöku úr áreyrum í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- ▶ Í samræmi lög nr. 80/2012 þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands þar sem hætta er á að fornleifar geti raskast.
- ▶ Skipulagsstofnun telur mikilvægt að leitað verði allra mögulegra leiða til þess að komast hjá frekari efnistöku úr Friðsæld og ráðist verði í að ganga frá námunni. Efni í fyllingar og burðarlag er að finna í öðrum tilgreindum námum í aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem hafa ekki eins neikvæð sjónræn áhrif og efnistaka úr námunni Friðsæld og því ætti að skoða frekari nýtingu þeirra í stað þess að halda áfram efnistöku úr Friðsæld.

9.10 Skilmálar um sérstakt verklag

Bæjarstjórn setur einnig í skilmála í framkvæmdaleyfi að fylgt verði ásetningi um verklag og aðgerðir sem fram koma í matsskýrslu Vegagerðarinnar, sem er m.a.:

- ▶ Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðisins, sem er skilgreint sem vegsvæðið að viðbættum námusvæðum og akstursleiðum að og frá þeim, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Öll umferð vegavinnutækja verður bönnuð utan framkvæmdasvæðisins.
- ▶ Landi skal ekki raska, nema innan afmarkaðra svæða. Innan afmörkunar á efnistökusvæðunum er gert ráð fyrir efnistöku og vinnslu.